

Lög Félags lífeindafræðinga

Samþykkt á aðalfundi FL 23.03.2023

I. KAFLI. HLUTVERK.

1. GREIN

Félagið heitir Félag lífeindafræðinga, skammstafað FL. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. GREIN

Hlutverk félagsins er:

Að semja um kaup og kjör félagsmanna.

Að standa vörð um réttindi félagsmanna.

Að stuðla að aukinni menntun og endurmenntun lífeindafræðinga.

Að stuðla að faglegu og stéttarlegu samstarfi við innlend og erlend samtök.

Að vinna að öryggi félagsmanna á vinnustöðum.

Að auka kynni félagsmanna meðal annars með fræðslu-, skemmti- og annari félagsstarfsemi.

II. KAFLI. AÐILD

3. GREIN

Rétt til aðildar að félaginu hafa:

- Þeir sem lokið hafa B.Sc. prófi í lífeindafræði frá háskóla hér á landi eða hliðstæðum menntastofnunum. Beiðni um aðild að félaginu skal vera skrifleg og send félaginu ásamt afriti af prófskírteini.
- Nemar sem lokið hafa eins árs námi í lífeindafræði og eru ráðnir til tímabundinna rannsóknastarfa hafa rétt á aukaaðild. Aukaaðild lífeindafræðinema veitir full félagsleg réttindi að frátölu kjörgengi.
- Lífeindafræðingar sem eru í öðrum störfum eða hættir störfum hafa rétt á fagaðild. Fagaðild felur í sér rétt til þátttöku um fagleg málefni stéttarinnar en ekki til ákvarðanatöku um stéttarfélagsleg málefni, svo sem kosningu samninganefndar eða stefnumörkun í kjaramálum.

Stjórn félagsins veitir nýjum félögum inngöngu í félagið.

III. KAFLI. MIÐLUN UPPLÝSINGA

4. GREIN

Stjórn, nefndir og skrifstofa félagsins miðla upplýsingum til félagsmanna með rafrænum hætti. Vefsíða félagsins og tölvupóstur eru megin farvegir fundarboða og annarra upplýsinga sem sendar eru félagsmönnum.

5. GREIN

Félagsmenn sjálfir eru ábyrgir fyrir því að skráning netfanga þeirra sé uppfærð eftir því sem við á.

IV. KAFLI. AÐALFUNDUR

6. GREIN

Aðalfundur FL fer með æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Hann skal halda í mars-apríl ár hvert.

Á dagskrá aðalfundar skulu vera meðal annars eftirtalin mál:

1. Skýrsla félagsstjórnar.
2. Reikningar félagsins.
3. Lagabreytingar.
4. Fjárhagsáætlun, ákvörðun um félagsgjald og annarra gjalda ef um það er að ræða.
5. Kosning annarra aðila í stjórn en formanns og endurskoðenda.
6. Önnur mál.

7. GREIN

Allir félagsmenn eiga rétt til setu á aðalfundi. Fundarboð skal sent félagsmönnum tveimur til þremur vikum fyrir aðalfund. Í aðalfundarboði skal vera:

1. Dagskrá aðalfundar.
2. Tillögur um lagabreytingar ef einhverjar eru.
3. Upplýsingar um niðurstöðu formannskjörs.

Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

V. KAFLI. STJÓRN

8. GREIN

Stjórn félagsins skipa 7 aðilar. Formaður sem er jafnframt formaður samninganefnda félagsins er kosinn með rafrænum hætti fjórum vikum fyrir aðalfund og niðurstaða kosninganna tilkynnt tveimur vikum fyrir aðalfund. Aðrir stjórnarmenn eru kosnir á aðalfundi. Kjörtímabil stjórnarmanns er tvö ár. Annað hvert ár skal kjósa formann og þrjá stjórnarmenn, en hitt árið þrjá stjórnarmenn. Á fyrsta stjórnarfundi eftir aðalfund skiptir stjórn félagsins með sér verkum að öðru leyti og tilnefnir varaformann, ritara og gjaldkera. Láti fleiri en tveir stjórnarmenn af störfum og meira en tveir mánuðir eru til aðalfundar, skal boða til félagsfundar með tveggja vikna fyrirvara til að kjósa nýja stjórnarmenn til sama tíma og þeir sem gengu úr stjórn. Enginn getur átt sæti í stjórn lengur en 8 ár samfelld, þó skulu fyrri stjórnarstörf nýs formanns undanskilin.

9. GREIN

Formaður boðar stjórnarfundi eftir þörfum, minnst tvisvar sinnum á misseri. Stjórnarfund skal boða ef tveir stjórnarmenn óska og skal hann haldinn innan viku frá því að óskin var lögð fram.

10. GREIN

Stjórn félagsins fer með æðsta vald í öllum málefnum félagsins á milli aðalfunda og fylgir eftir lögum félagsins og samþykktum og er formaður í fyrirsvari fyrir það. Stjórninni er heimilt að skipa nefndir til að vinna að ákveðnum verkefnum.

10.1 Nefndir starfa á grundvelli laga FL og hlíta eigin starfsreglum sem skulu staðfestar af aðalfundi FL. Kosið skal í nefndir og ráð á aðalfundi nema annað sé tekið fram í lögum þessum. Nefndir starfa á ábyrgð FL. Félagið ber fulla og óskorðaða fjárhagslega ábyrgð á störfum nefnda. Nefndum er óheimilt að stofna til fjárhagsskuldbindinga nema með heimild stjórnar FL. Stjórn félagsins skal halda samráðsfund einu sinni á ári með formönnum starfandi nefnda.

VI. KAFLI. SAMNINGANEFNDIR

11. GREIN

Innan félagsins starfa samninganefndir gagnvart ríki, sveitarfélögum, sjálfseignarstofnunum og vinnuveitendum á almennum markaði. Hlutverk samninganefnda er að annast samningsgerð fyrir viðkomandi hópa félagsmanna gagnvart vinnuveitendum. Samninganefnd skal bera nýjan kjarasamning undir atkvæðagreiðslu viðkomandi félagsmanna.

12. GREIN

Í hverri samninganefnd skulu eiga sæti 3-7 fulltrúar. Félagsmenn, sem starfa hjá sama vinnuveitanda¹, geta kosið sérstaka samninganefnd, ef þeir óska þess. Ósk um sérstaka samninganefnd skal tilkynnt stjórn félagsins. Fyrir 15. október ár hvert skal stjórn félagsins halda fund sem velur samningamenn félagsins gagnvart viðsemjendum þess. Þennan fund skal boða með tveggja vikna fyrirvara.

VII. KAFLI. FJÁRMÁL

13. GREIN

Félagsgjöld þeirra sem félagið hefur samningarétt fyrir skulu ákveðin sem hlutfall af launum og annast félagið innheimtu þeirra mánaðarlega. Félagsgjöld fagaðila skulu ákveðin sem fast árgjald og ákveður stjórn félagsins hvernig það er innheimt. Lífeyrisþegar greiða ekki félagsgjöld, en hafa réttindi fagaðila.

14. GREIN

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Endurskoðaðir reikningar félagsins skulu lagðir fram á aðalfundi. Aðalfundur kys tvo skoðunarmenn reikninga og tvo til vara.

¹ Með vinnuveitenda er átt við , ríki, borg, sveitafélög, SA og aðra þá er FL kann að gera kjarasamning við.

VIII. KAFLI. SJÓÐIR

15. GREIN

Sjóðir á vegum félagsins eru : Vísinda- og fræðslusjóður, hvatningasjóður og kjaradeilusjóður auk sjóða BHM

15.1 Vísinda- og fræðslusjóður

Stjórn Vísinda- og fræðslusjóðs skipa þrjú félagsmenn. Tveir þeirra eru kosnir á aðalfundi auk gjaldkera FL. Stjórn starfar samkvæmt reglum sjóðsins sem staðfestar eru á aðalfundi.

15.2 Hvatningasjóður

Stjórn hvatningasjóðs skipa þrjú félagsmenn. Tveir þeirra eru kosnir á aðalfundi auk gjaldkera FL. Stjórn starfar samkvæmt reglum sjóðsins sem staðfestar eru á aðalfundi.

15.3 Kjaradeilusjóður

Stjórn kjaradeilusjóðs skal skipuð fimm félagsmönnum. Þrjú þeirra eru kosnir á aðalfundi auk þeirra eiga formaður og gjaldkeri félagsins fast sæti í sjóðsstjórn. Stjórn starfar samkvæmt reglum sjóðsins sem staðfestar eru á aðalfundi.

IX. KAFLI. ÚRSÖGN

16. GREIN

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og taka gildi um önnur mánaðamót eftir að hún berst félaginu. Úrsögn skal þó ekki taka gildi ef vinnustöðvun hefur verið boðuð hjá vinnuveitanda viðkomandi félagsmanns eða á meðan á vinnustöðvun stendur. Fagaðilar halda réttindum meðan þeir greiða árgjald fyrir eindaga, nema lífeyrisþegar sem eru undanþegnir félagsgjöldum Stjórn félagsins getur vikið manni úr félaginu hafi hann að hennar dómi misnotað nafn félagsins í þágu eigin hagsmuna, orðið sekur um meiriháttar brot eða ítrekuðum gegn lögum félagsins, samþykktum eða hagsmunum.

X. KAFLI. MERKI FÉLAGSINS

17. GREIN

Merki félagsins er afhent við inngöngu í félagið. Er það eign félagsins, en ákveðin upphæð greiðist í eitt skipti fyrir öll fyrir heimild til að nota það.

XI. KAFLI. LAGABREYTINGAR

18. GREIN

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi. Tillögur til lagabreytinga þurfa að hafa borist stjórn félagsins fyrir 15. febrúar ár hvert. Til að tillaga um lagabreytingar teljist samþykkt, þarf hún að hafa hlotið einfaldan meirihluta greiddra atkvæða.

XI. KAFLI. GILDISTAKA

19. GREIN

Lagabreytingar gerðar á aðalfundi FL 23.mars.2023 öðlast þegar gildi.